



Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir
SF-2582 Leikskólinn Tjarnarskógur - Tjarnarlöndum	Tjarnarlönd 10-12 700 Egilsstaðir	Sigríður Herdís Pálsdóttir Leikskólastjóri Birna Ósk Óskarsdóttir Matráður

Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu
Reglubundin skoðun	13.12.2019	18.12.2019

Skoðuð voru og tekin afstaða til 13 skoðunatriða af 61. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 3 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávík og 3 Frávík. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarleg frávík	Frávík
	12.1.9 Húsnæði
	12.4.3 Öryggi
	12.4.5 Annað

Aðrar athugasemdir

Um var að ræða reglubundið óboðað eftirlit í leikskólann Tjarnarland. Rætt var við leikskólastjóra um innra eftirlit skólans áður en að gengið var um leikskólann í fylgd með leikskólastjóra.

Rætt var við matráð þegar eftirlit í eldhúsi fór fram.

Athugið að þessi skýrsla tekur aðeins til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.

Starfsstöð

Leikskólinn Tjarnarskógur -Tjarnarlöndum
Tjarnarlönd 10-12
700 Egilsstaðir
Staða: Í gildi
Kennitala: 4810043220

Starfsemi

Hollustuhættir - 4 - 1 - Leiksvæði
Hollustuhættir - 6 - 4 - Leikskólar
MAT - Stóreldhús, smásalar - 1 - Vinnsla matvæla

Tengiliðir

Kjartan Róbertsson	4700700	kjartan@egilsstadir.is	Yfirmaður eignasjóðs
Fljótsdalshérað	4700700	fljotsdalsherad@fljotsdalsherad.is	Fljótsdalshérað

V Þáttur - HES Matvæli

5 - Þrif og sótthreinsun

5.51 - Þrif og sótthreinsun

Viðauki II kaflar I-V í reglugerð EB/852/2004 (103/2010)

5.51.2 Framkvæmd þrifa

Sett inn: 17.12.2019

Í lagi

Skrifleg hreinlætisáætlun er til staðar og kvittað er fyrir þrifum

10 - Meðhöndlun matvæla / vörn gegn mengun

10.51 - Meðhöndlun matvæla / vörn gegn mengun

Viðauki II kaflar II, IV og IX í reglugerð EB/852/2004 (103/2010)

10.51.2 Vörn gegn mengun í framkvæmd

Sett inn: 17.12.2019

Í lagi

Skóðað var í kæla m.t.t. krossmengunar án athugasemda.

11 - Móttaka matvæla og umbúða

11.51 - Móttaka matvæla og umbúða

Viðauki II kaflar IX og X í reglugerð EB/852/2004 (103/2010) og reglugerðir EB/1935/2004 (398/2008) og EB/10/2011 (374/2012)

11.51.2 Framkvæmd við móttöku matvæla og matvælasnertiefna

Sett inn: 17.12.2019

Í lagi

Rætt var um móttöku á fullleiddum mat úr mótuneyti grunnskólans.

Mælt er með því að til staðar sé í eldhúsi hitamælir svo hægt sé að fylgjast með því að matvæli séu yfir 60°C.

12 - Hitastig matvæla

12.51 - Hitastig matvæla

Viðauki II kafli IX, 5 og 7tl. í reglugerð EB/852/2004 (103/2010), reglugerð 506/2010 og reglugerð EB/37/2005 (1183/2007), hraðfryst matvæli

12.51.2 Framkvæmd hitastigsmælinga

Sett inn: 18.12.2019

Í lagi

Hitastigsmælingar í frysti og kæli eru framkvæmdar daglega og eru skráningar aðgengilegar eftirlitsaðila.

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.51.1 Leyfi frá HES til vinnslu matvæla

5.51.2 Framkvæmd þrifa

10.51.2 Vörn gegn mengun í framkvæmd

11.51.2 Framkvæmd við móttöku matvæla og matvælasnertiefna

12.51.2 Framkvæmd hitastigsmælinga

Hollustuhættir

12 - 3HES-Hollustuhættir

12 - Aðbúnaður

12.1 - Almenn atriði

12.1.9 Húsnæði

Sett inn: 18.12.2019


Frávik

Kominn er tími á að mála veggi í húsnæði skólans. Teknar voru meðfylgjandi myndir sem sýna skemmdir í veggjum. Þessar skemmdir eru staðsettar í leikrymum barna.

Búið er að skipta út einhverju af gömlu raflagnaefni í húsinu, þær dósir sem voru brotnar og stafaði slyshætta af eru farnar. Einn nýr rafmagnstengill sem staðsettur er niðri við gólf í hvíldarrými á Tjarnarbæ er ekki nógu vel festur í vegginn. Þetta þarf að laga hið fyrsta.

Gera þarf við gólfduk í fataklefa á skógarbæ, samskeyti hafa opnast og óhreinindi geta safnast fyrir.

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



12.1.1 Hreinlæti

Sett inn: 18.12.2019

Í lagi

Skrifleg hreinlætisáætlun er til staðar og kvittað er fyrir þrifum. Sér starfsmaður sem sér um þrif á líni, leikföngum, dýnum o.s.frv.

Þrif á háum svæðum fara fram tvisvar sinnum á ári.

12.1.7 Innra eftirlit

Sett inn: 18.12.2019

Í lagi

Skrifleg slyskráning er til staðar. Reglulega er farið yfir skráningar

12.4 - Leiksvæði

Reglugerð 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim m.s.br.

Sett inn: 17.12.2019

Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun:

1. Reglubundna yfirlitsskoðun getur þurft að framkvæma daglega allt eftir notkun og álagi á leiksvæðinu. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun. Dæmi um þetta er hættulegt rusl, skemmd leikvallatæki, lausar festingar leikvallatækja og marka, slitnir hreyfihlutir, flísar, útistandandi naglar og skrúfur og óvarðar undirstöður. Reglubundin yfirlitsskoðun felst einnig í að jafna yfirborðsefni undir leikvallatækjum með því að raka til mól og sand og sópa lausu efni af stéttum eftir þörfum. Þá skal við reglubundna yfirlitsskoðun fjarlægja skemmd leikföng og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka bilaðan búnað úr umferð.

2. Rekstrarskoðun felst í verklegri yfirferð, viðhaldi og viðgerðum og gæti þurft að framkvæma hana á 1-3 mánaða fresti eftir notkun og álagi. Skoðuninni er ætlað að ganga úr skugga um að leikvallatæki virki eins og til er ætlast, stöðugleiki og festingar þeirra séu tryggar, kanna slitfleti, gera við tæki og framkvæma nauðsynlegt viðhald, svo sem mála, skipta um slitfleti, festa tæki og jafna undirlag. Hér er bæði unnið eftir leiðbeiningum framleiðanda og ábendingum frá reglubundinni yfirlitsskoðun.

3. Aðalskoðun er ástandsskoðun sem ætlað er að gera heildarúttekt á öryggi leikvallatækja, yfirborðsefna, m.a. yfirborðsefna til dempunar falls, og undirstaða undir leikvallatækjum (stöðugleikapróf), til dæmis vegna áhrifa veðrunar eins og ryðs og rotnunar á leikvallatæki og á yfirborðsefni. Einnig allar breytingar er geta haft áhrif á öryggi leikvallatækja. Þar má nefna áhrif viðgerða eða ísetningu nýrra hluta og uppsetningu nýrra tækja á leiksvæðum. Staðallinn segir til um að aðalskoðun eigi að vera framkvæmd af hæfum aðila samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Hæfni aðila fer eftir eðli verkefnis.

Aðalskoðun var framkvæmd 18.9.2019. Starfsmenn áhaldahúss sinna viðhaldi og koma nokkuð reglulega á leiksvæðið, engar skráningar eru þó til staðar.

Mikilvægt er að starfsmenn leikskóla sinni reglubundinni yfirlitsskoðun.

12.4.3 Öryggi

Frávik

Sett inn: 17.12.2019

Leiksvæðið var skoðað í sumar ásamt starfsmanni áhaldahúss. Ástæða skoðunar var fyrst og fremst til að meta ástand rennibrautar á lóð leikskólans. Skv. upplýsingum frá starfsmanni var búið að reyna að gera við hana en mikill fúfi er í leiktækinu og voru heilbrigðisfulltrúi og starfsmaður áhaldahúss sammála um að leiktækið væri ónýtt. Fjarlægja þarf því rennibrautina af lóð leikskólans sem fyrst.

Skipt var um rólur í sumar enda þær sem fyrir voru orðnar fúnar. Í nýju dekkinn átti eftir að setja 2-4 göt á botn þeirra sem eru amk. 25 mm í þvermál. Götin eru til þess að koma í veg fyrir að ís og vatn festist í dekkjunum sem þyngir þau óeðlilega mikið. Var starfsmanni áhaldahúss bent á þetta í sumar. Við eftirlit nú var ekki enn búið að gata dekkinn.

Í skýrslu aðalskoðunar voru skráð 17 frávik. Mikilvægt er að frávikum sé raðað upp eftir alvarleika og gerð áætlun um úrbætur skv. því.

12.4.5 Annað

Frávik

Sett inn: 18.12.2019

Róla í hreyfisa á efri hæð hússins stenst ekki staðla. Almenn gildir að leiktæki má ekki vera hannað þannig að hætta sé á því að fatnaður, höfuð útlímur eða allur líkami barns geti festis í leiktæki. Engin hætt má vera á að höfuð/háls geti lent í sjálfheldu.

Hlífar utan um kaðal sem koma í veg fyrir að hægt sé að vefja kaðli um háls myndu koma í veg fyrir hengingarhættu af þessu leiktæki.

Mynd 1



Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

12.1.1 Hreinlæti

12.1.3 Salerni

12.1.5 Ræstiaðstaða

12.1.7 Innra eftirlit

Lára Guðmundsdóttir
lara@haust.is
Heilbrigðisfulltrúi
8930119

Til grundvallar eru lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum. Ný matvælalöggjöf um hollustuhætti og eftirlit gekk í gildi í Evrópu árið 2006 og með samþykkt laga nr. 143/2009 var sú löggjöf innleidd hérlandis frá 1. mars 2010 og þar með gildir sama löggjöf um matvæli í öllum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Löggjöfin fjallar um eftirlit og hollustuhætti í matvæla- og fóðurframleiðslu og á Íslandi eru reglugerðir ESB innleiddar orðréttar sem fylgiskjöl með sérstökum gildistökureglugerðum. Í listanum hér fyrir neðan er eru íslensk númer reglugerðanna tilgreind og þær reglugerðir EB sem voru innleiddar með þeim.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með óbeinum hætti getur leitt til framleiðslu óöruggra matvæla, en það eru matvæli sem eru álitin heilsuspillandi og / eða óhæf til neyslu.

Úrbætur verða metnar í næstu reglubundinni skoðun eða að loknu næsta áætlaða vinnslu- og viðgerðarstoppi. Athugasemdin leiðir að öllu jöfnu ekki til sérstakrar eftirfylgni.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem vísar frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með beinum hætti getur leitt til framleiðslu matvæla sem eru álitin heilsuspillandi.

Úrbótum skal ljúka innan 7 virkra daga eða innan raunhæfs tímafrests skv. mati heilbrigðisfulltrúa. Ef athugasemdin er þess eðlis að þörf sé á að stöðva starfsemi er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt vinnulýsingu í viðauka C. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:

Þegar athugasemd sem er fyrir á skýrslu og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.